STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1971

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga nr. 159 frá 20. september 1962.

Ákvæði til bráðabirgða:

Varðandi kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, sem koma í stað samninga, sem féllu úr gildi 31. desember 1970, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á reglugerð nr. 159/1962:

1. Tímabil það, er sáttasemjari ríkisins hefur kjaradeiluna til meðferðar, framlengist til 8. marz 1971.
2. Hafi samningar ekki tekizt fyrir 9. marz 1971, tekur Kjaradómur kjaradeiluna til meðferðar, og skal hann hafa lagt dóm á ágreiningsefni fyrir 1. apríl 1971.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 292, 30. des. 1970.

Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1971.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Stjórnartíðindi B 5, nr. 29. Útgáfudagur 1. marz 1971.

B 10

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.